

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXXVI. árgangur.

1. hefti.

1995

Nr. 2/1995.

Fimmtudaginn 5. janúar 1995.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Pórhalli Ölver Gunnlaugssyni

(Símon Ólason hdl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. desember 1994, sem barst réttinum 3. janúar 1995. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 30. desember sl. um, að varnaraðili sæti farbanni allt til þriðjudagsins 31. janúar 1995. Varnaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.

Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði staðfest.

Með dómum Hæstaréttar frá 26. september sl. í málinu nr. 399/1994 og 11. nóvember sl. í málinu nr. 447/1994 hefur varnaraðila verið gert að sæta farbanni, síðast allt til laugardagsins 31. desember sl., vegna rannsóknar á ætluðum stórfelldum brotum á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt og 262. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, tengdum rekstri einkafyrirtækis hans og fyrirtækinu Vatnsberanum hf., sem varnaraðili er annar tveggja stjórnarmanna í.

Sóknaraðili hefur gert grein fyrir því, að rannsókn málsins sé í þann mund að ljúka, og verði rannsóknargögn þess send embætti ríkissaksóknara í fyrstu viku janúar 1995. Frekara farbann sé nauðsynlegt til að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott.

Með vísan til framanritaðs svo og umfangs rannsóknar málsins verður að telja, að fullnægt sé skilyrðum 110. gr. laga nr. 19/1991 fyrir áframhaldandi farbanni varnaraðila. Samkvæmt því verður hin kærða ákvörðun staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.
